

Fimmtudaginn 5. nóvember 1992.

Nr. 191/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Ólafi Sævarssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Hylming.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1992 að ósk ákærða, sem krefst sýknu af 2. tölulið 1. kafla ákæru, en að öðru leyti vægustu refsingar, sem lög leyfa. Af ákærvalds hálfu er áfrýjað „til staðfestingar á sakfellingu og skilorðsrofi reynslulausnar, en jafnframt þyngingar á refsingu“.

Meðákærðu í héraði una héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er ákærða, Ólaf Sævarsson, varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. mars 1992.**

Ár 1992, þriðjudaginn 31. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 160-163/1992: Ákærvaldið gegn X, Ólafi Sævarssyni, Y og Z, sem dómtekið var 27. sama mánaðar.

Málið er annars vegar höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. febrúar 1992, á hendur ákærðu, X, Ólafi Sævarssyni, Hábergi 5, fæddum 1. október 1965, fæðingarnúmer 449, Y og Z, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í júlí 1991:

I. Ákærðu X, Ólafi og Z er gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt mánudagsins 22. júlí brotist í félagi inn í Ofna-smiðju Kópavogs, Smárahvammi 200, Kópavogi, og stolið 112.637 krónum í tékkum, 5.400 krónum í reiðufé og tveimur tékkheftum frá Breiðholts-útibúi Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Í framhaldi af ofangreindum þjófnaði fengið ákærða Y til að selja tékka, sem hann gaf út í eigin nafni á eyðublöð úr öðru tékkhefti, sem þeir komust yfir samkvæmt ákærulið I, og þegið allt að 60.000 kr. af andvirðinu, þrátt fyrir það að þeir vissu, að hann ætti ekki innstæðu fyrir andvirði tékkanna.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

### *Málavextir.*

#### I.

Ákærðu X, Ólafur og Y hafa allir viðurkennt að hafa brotist inn í Ofna-smiðju Kópavogs við Smárahvamm og stolið þeim verðmætum, sem í ákæru segir. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

#### II.

Ákærðu X, Ólafur og Y hafa viðurkennt að hafa þegið peninga og síga-rettur af meðákærða Z, enda þótt þeir vissu, að þetta væri fengið með útgáfu innstæðulausra tékka, sbr. III. kafla hér á eftir. Telur X þetta hafa verið um 30.000 krónur í peningum og ef til vill annað eins í sigarettum. Y telur þetta hafa getað verið 40-50.000 krónur í peningum og sigarettum, en Ólafur um 60.000 krónur. Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og ákæru er háttað, kemur ekki til álita, hvort ákærðu hafi gerst sekir um önnur brot.

— — —

Ákærði Ólafur, sem hlaut ákærufræstun í maí 1983 fyrir þjófnað, hefur til þessa hlotið þrjá refsíðoma fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður fimm sinnum fyrir ýmisleg brot.

Ákærða var veitt skilorðsbundin reynslulausn í tvö ár í september 1990 undan 195 daga fangelsisrefsingu. Hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnarrinnar, sem nú ber að dæma upp samkvæmt 42. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsingin þannig hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði.

— — —

Dæma ber ákærða Ólaf til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærða Y til þess að greiða verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hrl., 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

D ó m s o r ð:

— — —

Ákærði Ólafur Sævarsson sæti fangelsi í tíu mánuði.

— — —

Ákærði Ólafur greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Y verjanda sínum, Sigurði Georgssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.